

22. desember 2020 | Aðsent efni | 459 orð | 1 mynd

# Opið bréf sjávarmálastjóra framtíðarinnar

Eftir Jón Björn Skúlason

Eftir Jón Björn Skúlason: "Hafnarfirði, 29.10. 2057: Opið bréf sjávarmálastjóra framtíðarinnar til ríkisstjórnar Íslands."

Kæra ríkisstjórn.

Fyrir hartnær 40 árum, á aldarafmæli fullveldis Íslands 2018, gaf þáverandi ríkisstjórn þjóðinni nýtt hafrannsóknarskip, Árna Friðriks II. Eins og við þekkjum vel hefur skipið þjónað þjóðinni afar vel og fundið margan fiskinn. En vandi steðjar nú að útgerð skipsins.

Eftir fundi utanríkismálaráðherra Íslands í Brussel í síðustu viku er ljóst að skipið fær ekki frekari undanþágur til reksturs. Það er synd að ekki hafi meiri framsýni verið árið 2021, þegar hönnun skipsins hófst, en að knýja það aðeins með olúgangverki. Þetta átti sér stað þrátt fyrir að á þeim tíma höfðu yfirvöld þegar tekið þátt í að smíða fyrstu rafferju landsmanna Herjólf og voru einnig að styðja myndarlega við orkuskipti í samgöngum á landi. Eflaust hefði það hraðað orkuskiptum á sjó ef skipið hefði verið knúið rafeldsneyti, a.m.k. að hluta, þar sem það hefði ýtt kröftuglega undir þróun umhverfisvænni lausna á þeim tíma, þ.e. innlendri eldsneytisframleiðslu og dreifingu. En þrátt fyrir þessa skammsýni hafa íslenskar útgerðir sýnt frumkvæði og þor og eins og vel er þekkt eru liðin 30 ár síðan fiskiskip var smíðað síðast fyrir íslenskar útgerðir sem er eingöngu knúið með olúgangverki. Kannski hefði þurft mikinn dug og djörfung í ársbyrjun 2021 til að láta hana og smíða skipið þannig að það gengi á vistvænu rafeldsneyti. Á þeim tíma voru þó til fjölbreyttar vistvænar lausnir sem enn eru í fullu gildi í dag, en það stoðar víst lítið að hugsa nú 40 árum síðar um ef og hefði.

Þó að núverandi undanþágur frá Evrópusambandinu gildi enn í rúm 4 ár er reksturinn orðin ansi óhagkvæmur. Eins og með önnur skip í rekstri ríkisins höfum við að mestu siglt til Færeyja til olúkaupa (spara rekstrarkostnað, ekki greiddur VSK) en sú leið mun lokast fljótlega þar sem Færeyingar hafa tilkynnt okkur að þeir muni með öllu hætta olúafgreiðslu á eyjunum fyrir 2060. Áfram verður þó hægt að fá olúu héraðs þar sem Gamla olúfélagið hefur upplýst okkur um að það muni reka sína olúafgreiðslu áfram. Það er orðið eina fyrirtækið sem afgreiðir enn olúu í höfnum landsins. Verð á olúu hefur hækkað mjög með minnkandi samkeppni en einnig vegna fákeppni erlendis, kolefnisskatta, sótgjalda og annarra mengunargjalda og nú svo komið að olúkaup eru um 80% af rekstrarkostnaði skipsins.

Það er því ljóst að ekki verður við þetta búið. Árni Friðriks II getur ekki þjónað íslenskum sjávarútvegi við þessar aðstæður og nauðsynlegt að úrelða skipið þó að skipið sjálft sem og rannsóknarbúnaður þess eigi mörg ár eftir. Hönnunin gerði ekki ráð fyrir að hægt væri að skipta um eldsneyti og breytingar væru því mun dýrari en nýsmíði. Sjávarmálastjóri skorar því á ríkisstjórnina að gefa þjóðinni nýja vistvænni gjöf ellegar mun stofnunin ekki geta stundað nauðsynlegar rannsóknir fyrir eina mikilvægustu atvinnugrein þjóðarinnar.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Íslenskrar NýOrku.*



Jón Björn Skúlason